

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulþjóðgarðs

10. fundur þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulþjóðgarðs, haldinn þriðjudaginn 28. nóvember kl. 14:30 í fjarfundi.

Mætt: Anna Hallgrímsdóttir, Hákon Ásgeirsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Kristinn Jónasson, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson og Þórður Runólfsson.

Iðunn Bragadóttir, fjarverandi.

Fundargerð ritaði Rut Ragnarsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulþjóðgarðs

Kristinn byrjaði fundinn á því að segja frá kynningu sem hann var með fyrir Dalamenn um Þjóðgarðinn í nýju fræðslurými þjóðgarðsmiðstöðvarinnar.

1.Efst á baugi

- Niðurstaða að breyta opnunartíma þjóðgarðsmiðstöð miða við starfsmannafjölda og gestafjölda frá desember til febrúar 2024, Opnunartími verði frá 10:00 – 16:00 alla daga í stað kl. 17.00. Ekki mikil þjónustuskerðing fyrir svæðið á þessum árstíma. Gestir í Þjóðgarðsmiðstöðinni frá opnun eru tæplega 24 þúsund það sem af er ári og mikill fjöldi gesta hefur komið á Malarrífi eða ríflega 75.000
- Fræðslu- og kennslurými er komið í notkun í Þjóðgarðsmiðstöð þar sem þjóðgarðurinn hefur möguleika á því að taka á móti m.a. skólahópum. Til stendur að leiga aðstöðuna til fundarhalda og er verið að skoða verðskrá og verkferla varðandi það.
- Ástandmat ferðamannastaða er lokið. Öll svæði eru stóðust skoðun og engin alvarleg hnignun. Ástandsmatsskýrsla verður aðgengileg í byrjun árs 2024.
- Heimasíða Snæfellsjökulþjóðgarðs verður opnuð í byrjun nýs árs.
- Samkeppni um sýningu í Þjóðgarðsmiðstöð verður væntanlega opinberuð á næstunni. Þrjár tillögur fóru áfram í gegnum forval og dómnefnd hefur valið sýningu en ekki birt þá niðurstöðu.
- Einangrun á hlöðu í Malarrífi er lokið. Verktakinn lagaði einnig bílskúrshurðina og nú er hægt að setja bíla inn í hlöðuna.
- Verk í Þjóðgarðsmiðstöðinni – uppsetning á fellivegg í fræðslurými er lokið, uppsetning á hillum í minjagripaverslun eru á lokametrum ásamt flokkunartunnu í veitingasal.
- Gufuskálar – endurbætur á húsnæði landvarða er að ljúka.
- Djúpálón og Dritvík – fyrirtækið Stokkar og Steinar eru að setja þar upp handskorin handrið niður Nautastíginn. Hluti af verkinu er að setja hampkaðill sem verður strekktur á milli stauranna sem nýtist sem handrið.
- Göngustígur frá Búðum – fyrsta hluta verksins er lokið.
- Til stendur að uppfæra aðgerðaráætlun þjóðgarðsins sem er sett upp til þriggja ára.

2. Aðgerðir – Landsáætlun um uppbyggingu innviða

Aðrar aðgerðir 2023

Vegir og bílastæði

- Óskað verði eftir auknu viðhaldi í og við þjóðgarðinn við Vegagerðina **X**
- Óskað verði eftir að skilgreindum vetrarþjónustudögum verði fjölgað og samkomulag verði gert um tilhögun þjónustunnar **X**

Ferðaleiðir

- Reiðleiðir og áningarstaðir verði merktir á kortum bióðgarðsins. **Í vinnslu**
- Tjaldstaðir verði merktir á kortum bióðgarðsins. **Í vinnslu**
- Gerð verði áætlun og forgangsröðun á uppbyggingu og viðhaldi stíga bar með talið stíga ætluðum hreyfihömluðum. **Í vinnslu**
- Áætlun gerð um fleiri hringleiðir í bióðgarðinum. **Í vinnslu**
- Gamlar leiðir verði skilgreindar og merktar í samráði við minjavörð Vesturlands.
- Leiðbeinandi skilti um hjólréiðar á gönguleiðum unnin.
- Þjóðgarðurinn óski eftir viðræðum við lögreglu og Vegagerð um upplýsingaflæði milli stofnana. **X**
- Á heimasíðu bióðgarðsins verði settar leiðbeiningar um levfisskylvar framkvæmdir og athafnir innan bióðgarðsins. **Á nýja heimasíðu**
- Hlekkur fyrir umsóknir vegna starfsemi innan bióðgarðs verði settur upp á heimasíðu hans.

- Leiðbeiningar um umgengi og hættur sem fylgja ferðum á Jökullinn verði á heimasíðu bióðgarðsins. **Á nýja heimasíðu**
- Tjaldstaðir nánar skilgreindir og hnitsettir. **X**

Skilti

- Gerð verði áætlun um uppsetningu og endurnýjun skilta og vegvísar við gönguleiðir og áningarstaði.
- Sett verði upp fræðsluskilti um umgengi við refi innan bióðgarðsins.

Annað

- Þjóðgarðurinn komi upp búnaði til notkunar í neyð. **Í vinnslu**
- Vinna hefst við að endurskoða og uppfæra fornleifaskráningu í samvinnu við Minjastofnun Íslands og sveitarfélagið.
- Úttekt gerð á hættu sem að menningarminjum stafar vegna náttúrurofs. Unnið að Minjaheildarsvæði.
- Örnefni í bióðgarðinum kortlögð.
- Tenglar á heimasíðu nærliggjandi sveitarfélaga og stofnana verði settir á heimasíðu bióðgarðsins svo og aðrir gagnlegir vefir.
- Lokið verði við gerð atvinnustefnu fyrir bióðgarðinn. **Í vinnslu**
- Bæklingar Þjóðgarðsins verði endurnýjaðir og aðgengilegir á heimasíðunni. **Í vinnslu**

- Vinna við heimasíðu og kortagerð er í gangi..
- Endurskoðun og uppfærsla fornleifaskráningu í samstarfi við minjastofnun – skrá þarf að nýju, uppfæra og mæla upp minjarnar svo hægt sé að setja þær rétt inná kortasjá, hnitsetning er ekki rétt. Raunhæft að hefja verkefnið og búið að gera mikið af skráningu. Eftir stendur vettvangsvinna og eftirvinnsla. Samvinna um verkefnið liggur hjá stjórnendum stofnanna.
- Farið var yfir gestafjölda í þjóðgarðinum en gestir í janúar til nóvember eru jafnmargir og árin þar á undan. Gestakomur á dag í Þjóðgarðsmiðstöðinni er nú komin á þar við heimsóknir á Malarrif.
- Spurt var um hvernig hefur gengið á Malarrif yfir háannatíma, varðandi rotþró og klósett. Hákon svarar að það hafi gengið að mestu vel en mesta biðin hefur verið klukkutíma bið eftir að komast á salerni. Sjáum fyrir okkur að í framtíðinni verði sett salernishús á Malarrif.

3. Aðgerðaráætlun Stjórnunar- og verndaráætlunar 2024

2023

Aðgerðir

- ✓ Ný hringleið endurbætt á Djúpalónssandi. **X**
- ✓ Göngustígur á milli Djúpalónssands og Dritvíkur lagfærður og hlaðinn að hluta. **X**
- ✓ Hönnun á göngustígum og afþreyingarsvæði á Malarrifi. **Í vinnslu**
- ✓ Útilýsing sett upp við bílastæði og göngustíg að vita. **Í bið**
- ✓ Útsýnispallur og áfangastaður hannaður og unninn við Malarriðsvita. **Í vinnslu**
- ✓ Leiksvæði við gestastofu á Malarrifi endurbætt og tækjum fjölgað. **Í vinnslu**
- ✓ Hlaða við gestastofu einangruð. **X**
- ✓ Móttöku- og áningarstaður gerður við Saxhól. **Í bið biður fjármagns**
- ✓ Fræðsluskilti um eldstöðina Snæfellsjökul sett upp við Saxhól. **Í vinnslu, sett upp næsta vor**
- ✓ Stíkur og merkingar við gönguleiðir endurnýjaðar. **Langt komið**
- ✓ Ný aðkomu og fræðsluskilti sett upp við Svalpúfu. **Í vinnslu, sett upp næsta vor**

2024

Aðgerðir

- ✓ Ný salerni reist við vegamót að Djúpalóni.
- ✓ Heimtaug á Malarrifi endurnýjuð.
- ✓ Rafhleðslustöðvar fyrir bíla settar upp á Malarrifi.
- ✓ Bílastæði við Svalpúfu lagfært og stækkað.
- ✓ Skilti með upplýsingum um jökla og jöklaferðir verður sett upp við jökulinn.
- ✓ Unnið að því að græða upp gamlar námur.

2025

- ✓ Áætlun í vinnslu

- Hönnun lokið á salernishúsum á Djúpalón og hægt að fara í smíði á því um leið og það fæst fjármagn til verksins. Ráðuneytið gerir kröfu um frumathugun og er verið að koma þeirri vinnu af stað sem er hjá FSRE. Ábending kom frá Vegagerðinni vegna öryggisþátta vegfaranda. Ljóst er að skipafarþegum fjölgar á næsta ári og því mikilvægt að koma salernishúsum upp sem fyrst fyrir þá og aðra gesti þjóðgarðsins
- Fjármagn er til staðar fyrir endurbótum á vegi niður á Djúpalón. Vegagerðin stefnir á að hefja þær framkvæmdir á vormánuðum og stefnt er að farið verði í framkvæmdir á veginum á sama tíma og bílastæðin. Hagkvæmara að samnýta tæki og tól.
- Heimtaug á Malarrifi - það stendur til að stækka heimtaug á Malarrif
- Hleðslustöðvar – viðræður standa yfir við rekstraraðila um að setja upp stöðvar á Malarrif, Hellissand og mögulega seinna á Djúpalón.
- Við Djúpalón þarf að klára lagfæringu á stíg við bílastæðið, meðal annars þá þarf að fara í í jarðvegsskipti.
- Malarrif, frekari uppbygging innviða helst í hendur við deiliskipulag sem er í vinnslu.
- Saxhóll, það er í vinnslu og stefnt er að því að halda áfram uppbyggingu þar í vor

4. Gjaldtökur

- Mögulegar gjaldtökur hafa ekki verið útfærðar. Þangað til er stefnt að því að taka upp QR kóða kerfi þar sem þú borgar á ákveðnum stöðum. Umhverfisstofnun stefnir á að setja þetta kerfi upp á nokkrum stöðum fyrir næsta sumar m.a. Þjóðgarðinum.
- Gjaldtökur hafa gengið vel í Þingvalla- og Vatnajökulsþjóðgarði. Ferðaþjónustufyrirtæki biðja um góðan aðlögunartíma og er stefnt á að gjaldskylda verði tekin upp í þjóðgarðinum sumarið 2025.
- Gjaldtaka hefur ekki marktæk áhrif á fjölda gesta en ef við viljum hafa áhrif á fjölgun gesta á einstökum svæðum þurfum við að horfa á aðra stýringu.

- Rætt um þolmörk og upplifun ferðamannsins. Skoðanakannanir og að samræma þolmarkarannsóknir.

5. Önnur mál

- Magnús fór yfir stöðuna á vitavarðarhúsinu á Malarrif. Að hans sögn er mikilvægt að tengja saman að húsið sé partur að menningararfi tengdum vitanum og Malarrifssvæðinu.
- Stefnt er á að Umhverfisstofnun fundi með FSRE varðandi Gufuskála til að tryggja húsnæði fyrir tímabundið ráðna landverði.
- Kristinn fór yfir að jákvæða ímynd náttúruverndar og mikilvægi þess að tengja samfélagið þjóðgarðinum. Jafnframt sagði hann frá því að talað væri jákvætt um Þjóðgarðsmiðstöðina í samfélaginu.

Næsti fundur ákveðinn 6.febrúar kl. 14:30

Fleira ekki rætt – fundi slitið kl. 15:30.